

Norðfirðingur

4. tbl. 34. árgangur

Nóvember 2008

Norðfirðingafélagið 40 ára

Í ár er Norðfirðingafélagið 40 ára. Norðfirðingar hafa átt og eiga afburða tónlistar- og listafólk. Í tilefni afmælisins heldur félagið veglega afmælishátíð í Fella- og Hólakirkju. Að kveldi 13. nóvember kl. 20.00 hefst tónlistardagskrá. Eftir dagskrána í kirkjunni er safnaðarheimilið opið til kl. 23.00, þar gefst fólki tækifæri til að skoða sýninguna *Úr fórum Norðfirðinga*. Sýningin verður jafnframt opin helgina 15. - 16. nóvember frá klukkan 13.00 – 17.00. Heitt kaffi verður á könnunni og hinar umtöluðu *Hákonarvöflur* með rjóma í boði félagsins. Sjá nánar kynningu hér á eftir.

Á baksíðu fréttabréfsins er gott yfirlit yfir 40 ára sögu félagsins, ritað af Birgi D. Sveinssyni og Jóni Karlssyni. Báðir hafa verið virkir í starfi félagsins frá upphafi og var Birgir í fyrstu stjórn þess.

Afmælishátíðin

- **Norðfirsk tónlistarveisla í Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 13. nóvember kl. 20.00.**

Aðgangseyrir kr. 1000 fyrir fullorðna en ókeypis fyrir 16 ára og yngri.

- **Úr fórum Norðfirðinga, sýning í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju:**

- **Laugardagur 15. nóvember kl. 13.00 - 17.00**

Kl. 15.00 les Alda Ármanna uppúr bók sinni, KONA Í FORGRUNNI - Vegferð í lífi og list. Bókin verður til sölu á staðnum.

- **Sunnudagur 16. nóvember kl. 13.00 - 17.00**

Kl. 15.00 verður vígður og kynntur nýr vefur félagsins: www.nordfirdingafelagid.is. Vefurinn er hannaður af Norðfirðingnum Kristjáni J. Kristjánssyni (Kidda á Sjónarhóli) og fyrirtæki hans www.skrefumframar.is.

Ljósmyndasýningar verða á tölvuskjám: Myndir úr vörslu Skjala- og myndasafns Norðfjarðar og frá Kristjáni Logasyni ljósmyndara.

Kaffi og vöflur í boði félagsins, enginn aðgangseyrir.

Dagskrá tónlistarveislu 13. nóvember 2008

Pórarinn Jónson

Fjólan. Texti: Páll Jónsson

Flytjendur: Hlökkver Smári Haraldsson, píanó og Guðmundur Rafnkell Gíslason, söngur

Jón Gunnarsson / Jonni Dóru

Ástin og Einmana. Textar: Jóhann G. Gunnarsson

Flytjendur: Jón Gunnarsson, gítar og Jón Rósmann Mýrdal, söngur

Þorlákur Friðriksson / Lalli á Skorrastað

Söknuður, Við svífum og Draumaveröld. Textar: Helgi Seljan

Flutningur: Bjarni Freyr Ágústsson

Léttur djass

Flytjendur: Hildur Þórðardóttir, þverflauta og Hugi Þórðarson, píanó

Ingi T. Lárusson

Sumarkveðja, Hríslan og lækurinn og Ó, blessuð vertu sumarsól.

Flytjendur: Sigurður Þorbergsson, básúna, Judith Þorbergsson, píanó og Hannah Rós Sigurðardóttir, trompet

HLÉ

Örn Óskarsson

Brúðkaupskvæði, Örn Óskar og Ólöf Krístrún. Textar: Halldór Blöndal

Flytjendur: Sigurður Þorbergsson, básúna, Judith Þorbergsson, píanó og Anna Sigríður Helgadóttir, söngur

Syrpa af lögum Jóns Múla Árnasonar.

Flytjendur: Daníel Þorsteinsson, píanó, Sigurður Þorbergsson, básúna og Guðjón Þorláksson, kontrabassi

Syrpa af lögum eftir Svavar Benediktsson við texta Kristjáns frá Djúpalæk

Flytjendur: Hlökkver Smári Haraldsson, píanó. Söngur Hálfván Steinþórsson og Stella Steinþórsdóttir

Textar Jónasar Árnasonar við írsk þjóðlög.

Og þá stundi Mundi, Lífið er lotterí og Riggarobb

Flytjendur: Hlynur Benediktsson og Ólafur Egilsson

Kynnir: Örn Óskarsson

ADGANGSEYRIR ER 1000 KR

Úr fórum Norðfirðinga

Listasýning Norðfirðingafélagsins ber heitið *Úr fórum Norðfirðinga*. Sýnendur hafa allir átt heima á Norðfirði. Sýningin er opin laugardaginn 15. nóvember og sunnudaginn 16. nóvember kl.13.00 - 17.00 báða dagana.

Hönnun:

1. Halla Hákonardóttir
2. Kolbrún Amanda Hasan

Ljósmyndir:

3. Kristján Logason

Málverk:

4. Alda Ármanna
5. Andri Lindbergsson
6. Anna Bjarnadóttir
7. Ágúst Jónsson
8. Berglind Þorbergsdóttir
9. Bryndís Magnadóttir
10. Davíð Samúelsson
11. Einar Solheim
12. Elín Guðmundardóttir
13. Geir Sigurjónsson
14. Helgi Jónsson
15. Hermann Sveinbjörnsson
16. Hildur B. Halldórsdóttir
17. Jóna Guðbjörg Gísladóttir
18. Jónas Elíasson
19. Lilja Jóhannsdóttir
20. Margrét Sigurjónsdóttir
21. Ólafur Hauksson
22. Ólafur Óskarsson
23. Robyn Vilhjálmsson
24. Sigfús Hansson
25. Sigurveig Þorleifsdóttir
26. Sveinn Vilhjálmsson
27. Theodóra Alfreðsdóttir
28. Tryggvi Ólafsson

Skraut- og nytjamunir úr fiskroði til sölu.

29. Bryndís Magnadóttir

Útskurður:

30. Hrefna Aradóttir

Sýnendur skulu koma með verkin í Fella- og Hólakirkja miðvikudaginn 12. nóvember kl. 14.00 - 18.00. Sérfræðingur á vegum félagsins mun stilla upp verkum sýningarinnar. Allar frekari upplýsingar gefa: Gísli Gíslason: 8980991, Birna Hilmarsdóttir: 862 8510, Elísabet Karlsdóttir: 862 8450, Gunnar Karl Guðmundsson: 840 3003, Hákon Aðalsteinsson: 860 7015, Hólmsfríður G. Guðjónsdóttir: 664 8235, Þorsteinn Sigurðsson: 822 1709.

Norðfirðingafélagið 40 ára

Á góðvinafundum á heimili Elsu Christensen og Svavars Lárussonar fyrir rúmum 40 árum var oft rætt um að tímabært væri að stofna félag brottfluttra Norðfirðinga. Til tíðinda dró þegar sent var í pósti fundarboð til á annað hundrað Norðfirðinga á höfuðborgarsvæðinu. Bréfið var undirritað af þeim Friðjóni Guðröðarsyni og Svavari Lárussyni. Nær 150 manns mættu á fyrsta fundinn. Áhugi var greinilega mikill. Í fyrstu stjórn félagsins voru kjörin: Friðjón Guðröðarson, Svavar Lárusson, Ragna Jónsdóttir, Anna Jónsdóttir og Birgir D. Sveinsson. Varamenn voru Guðlaugur Stefánsson og Eyþór Einarsson.

Starf félagsins mótaðist fljótt. Um árabíl voru aðalfundir á haustdögum, sólarkaffi í byrjun febrúar og árshátíð eða Þorrablót í marsmánuði. Þegar á fyrsta starfsári ákvað stjórnin að leita samninga við Björn Björnsson um kaup á mynda- og filmusafni hans.

Á aðalfundi 7. nóvember 1969 var eftirfarandi fært til bókar:

Í skýrslu formanns kom m.a. fram að félagið hefur samið um kaup á öllu mynda- og filmusafni Björns Björnssonar ljósmyndara, þess er á einhvern hátt er viðkomandi Norðfirði. Er Björn um þessar mundir að hefja gerð myndanna. Filmusafnið verður afhent að Birni fráfallnum. Það er skoðun forsvarsmanna Norðfirðingafélagsins að hér sé um að ræða mjög merkar heimildir varðandi atvinnulíf, þróun bæjarins og fleira, skráð í formi ljósmynda allt frá árinu 1915. Telur stjórn félagsins að myndasafn þetta þurfi að vera til sem heild og hefur í því sambandi komið fram sú hugmynd að safnið verði varðveitt í sérstakri deild byggdarsafns á Norðfirði er væntanlega mun rísa á næstu árum.

Þetta framtak félagsins hlaut góð viðbrögð í heimabyggðinni og varð til þess að styrkja mjög tengslin, strax í upphafi. Um það bera fréttapistlar og umfjöllun í Austurlandi ljóst vitni. Um árabíl voru góðir vinir að austan heiðursgestir á samkomum félagsins og fluttu með sér fréttir og gamanmál sem féllu í góðan jarðveg. Tilgangur með starfi áthugasfélaga er að rækta tengsl þeirra brottfluttu til rótanna í heimabyggð. Þetta hefur félagið okkar gert með sóma.

Frá árinu 1977 hefur félagið gefið út fréttabréfið *Norðfirðing*. Í ávarpi formanns Garðars Sveins Árnasonar segir:

Þetta litla blað sem þið nú fáið í hendur hefur það hlutverk eitt að flytja ykkur fréttir af því sem félagið fyrihugar að gera. Blaðið er hin besta heimild um starf félagsins í rúm 30 ár og verður væntanlega aðgengilegt á nýrri heimasíðu.

Árið 2000 gáfu afkomendur Ragnheiðar Stefánsdóttur og Herberts Jónssonar Norðfirðingafélaginu íbúð í Neskaupstað. Félagið leigði hana til félagsmanna í nokkur ár en árið 2006 var ákveðið að selja hana. Söluandvirðið er nú kjölfestan í fjármálum félagsins. Nú á 40 ára afmæli félagsins er í undirbúningi að gefa vandaða útsýnisskífu með upplýsingum um kennileiti á Norðfirði til minningar um Herbert Jónsson. Félagið hefur í áranna rás sýnt hug sinn til heimabyggðar með góðum gjöfum.

Síðastliðin þrjú ár hefur Norðfirðingafélagið staðið fyrir útgáfu á dagatali og notið til þess styrki úr heimabyggð. Þetta er frábært framtak og hefur vakið verðskuldaða athygli. Vonandi verður framhald á þessari útgáfu.

Á afmælisári er boðið til hátíðar í Fella- og Hólakirkju en þar verða listir í hávegum hafðar. Ágætu Norðfirðingar! Til hamingju með félagið okkar.

Birgir D. Sveinsson
Jón Karlsson